



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

14. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Miðvikudagur 18. mars 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), og Hugi Halldórsson (HH)

Forföll boðuðu: Herbert Arnarson (HA) varaformaður og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og hefur verið birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir ýmis mál til upplýsinga.

3. Markaðs-og kynningarfulltrúi

HSJ fór yfir stöðu umsókna á nýja starfsgildinu á skrifstofunni. 98 einstaklingar sóttum um starfið. Í lokaúrtaki eru núna fjórir umsækjendur í viðtölum og stefnt að því að klára ráðningu fyrir mánaðarmót.

4. Landsliðsmál

Farið yfir stöðuna hjá karla-og kvennalandsliðunum eftir gluggana núna í febrúar og mars.

Karlaliðið er í mikilli keppni um að lenda í þremur efstu sætunum í undankeppni HM og komast á næsta stig undankeppninnar, síðustu tveir leikirnir í riðlinum verða spilaðir í byrjun júlí.

Kvennaliðið náði ekki inn á næsta stig undankeppni EuroBasket 2027 og mun því spila í forkeppni að undankeppni EuroBasket2029. Sú keppni byrjar í nóvember næstkomandi, dregið verður í riðla núna í lok mars og leikdagur klárir í byrjun apríl.

5. Keppnisdagatal 2026/2027

Vinna við keppnisdagatal 2026/2027 er hafin en dagatalið þarf að vera klárt í síðasta lagi 30.apríl samkvæmt reglugerð. Ákveðið var að spyrja félögin í Bónus deildunum hvort þau vilji spila á milli jóla-og nýárs eða ekki.

6. Reglugerð á aga-og úrskurðarnefnd / breyting

Stjórn samþykkti breytingu á reglugerð um aga-og úrskurðarnefnd, greinar 6 og 9. Breytingin snýr að því að aga-og úrskurðarnefnd þarf að koma strax saman og atvikaskýrsla/kæra berst eftir leik í undanúrslitum bikarkeppninnar. Sömu reglur gilda þá fyrir undanúrslit bikarkeppninnar og í úrslitakeppnum, þegar stutt er a milli leikja.

7. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

8. Stjórn fundar án framkvæmdastjóra/starfsmanna.

Stjórn ræddi ýmis mál er snúa að störfum og skyldum stjórnar KKÍ.

9. Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur verður mánudaginn 13. apríl

10. Önnur mál

Fundi slitið kl.19:00